

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 242/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar frá 23. nóvember 2022 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 að því er varðar hagskýrslur um heilbrigðisstofnanir, mannauðsmál heilbrigðisþjónustu og notkun heilbrigðisþjónustu ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 18oe (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/255) í XXI. viðauka við samninginn:

„18of. **32022 R 2294**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2294 frá 23. nóvember 2022 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 að því er varðar hagskýrslur um heilbrigðisstofnanir, mannauðsmál heilbrigðisþjónustu og notkun heilbrigðisþjónustu (Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 42).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Liechtenstein er undanþegið skýrslugjöf um fjölda skurðaðgerða sem vísað er til í 7. hluta II. viðauka við þessa reglugerð, að því tilskildu að það eru þrjár eða færri stofnanir sem annast skurðaðgerðir í Liechtenstein. Þessi undanþága skal ekki gilda ef opinbera sjúkrahúsið í Liechtenstein er eina stofnunin sem annast skurðaðgerðir í landinu.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/2294, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 42.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.